

REGLUGERÐ

um stuðning til bænda er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar,
samanber lög nr. 25 13. jan. 1938.

1. gr.

Við úthlutun þess fjár, sem lagt er fram úr ríkissjóði til stuðnings bændum í sveitum þeim, er mæðiveikin geysar í, og tjón hafa beðið af völdum veikinnar, skal farið eftir þeim reglum, sem settar eru í þessari reglugerð.

2. gr.

Nefnd sú, sem landbúnaðarráðherra skipar til þess að hafa á hendi úthlutun fjárins, skal afla sér sem gleggstra upplýsinga um tjón það, er bændur hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, svo og um öll þau önnur atriði, sem hún álitur að máli kunní að skipta um hag bænda og afkomu.

Nefndin getur krafíð um skýrslur í því formi, er henni þykir henta, eða afrit af skattskýrslum aðilja, eða útdrætti úr þeim skýrslum. Ennfremur getur nefndin krafízt þess, að verzlunarfyrirtæki og lánsstofnanir, sem bændur, er stuðnings kynnu að eiga að njóta, skipta við, láti henni í té upplýsingar um viðskipti þeirra.

3. gr.

Hver hreppsnefnd á svæðinu skipar einn mann til þess að vera til aðstoðar um úthlutun fjárins, að því er snertir þann hrepp. Þessir hreppsfulltrúar skulu aðstoða við söfnun skýrslna hver í sínum hreppi. Hreppstjórar skulu og láta nefndinni í té útdrætti eða afrit af þeim skýrslum, sem þeir hafa með höndum, og úthlutunarnefndin kynni að óska eftir.

Hver sýslunefnd á svæðinu skipar í sama skyni tvo menn, er vinna samsvarandi verk fyrir sína sýslu og hreppsfulltrúi fyrir sinn hrepp.

4. gr.

Það skal vera meginregla við úthlutun stuðningsfjárins að reyna, eftir því sem unnt er, að koma í veg fyrir, að bændur verði vegna þess tjóns, sem þeir hafa beðið af völdum veikinnar, að hætta búskap, eða að jarðir og bú bænda verði selt vegna greiðslufalls á vöxtum og öðrum umsömdum greiðslum.

5. gr.

Þá er úthlutunarnefndin hefir fengið þær skýrslur, sem getur í 2. gr., gerir hún yfirlitsskýrslu um hvern hrepp, þar sem fram kemur fjármissir hvers einstaks bónda og svo hreppsins í heild, enn fremur aðrar upplýsingar, er nefndin telur við þurfa.

Til grundvallar við úthlutunina skal leggja hlutfallslegan tekjumissi fjáreiganda af völdum mæðiveikinnar, að frádregnum tekjuauka vegna bústofnsauka, auknum tekjum af vinnu utan heimilis, vaxtatekjum og leigu eftir fasteignir, er eigandi notar ekki sjálfur.

6. gr.

Við úthlutun styrks til greiðslu á vöxtum af veðlánnum skal þess gætt, að vaxtatlagað hækki í hlutfalli við tekjumissi af fjárfelli, þó þannig, að áður hafi verið dreginn frá tekjuauki af öðrum búpeningi, auknar vinnutekjur utan heimilis og tekjur af eignum, sbr. 5. gr.

Deir sem misst hafa samkv. þessu	10—20%	fá 1,5%	vaxtatillag.
— — — — —	frá 20—30%	— 2 %	—
— — — — —	— 30—40%	— 2,5%	—
— — — — —	— 40—50%	— 3 %	—
— — — — —	— 50—60%	— 3,5%	—
— — — — —	yfir 60%	— 4 %	—

32

27. apríl

Á sama hátt skal reikna tekjumissi af fjármissi leiguliða þegar úthlutað er styrk til greiðslu jarðarafgjalda.

Deir leiguliðar er hafa misst	10—20%	fá 20%	eftirgjaldsins.
— — — — —	frá 20—40%	— 40%	—
— — — — —	— 40—60%	— 60%	—
— — — — —	yfir 60%	— 80%	—

Vaxtatillag og greiðsla upp í eftirgjald skal þó aldrei fara fram úr því, sem svarar helmingi af tekjumissi viðkomanda.

Deir sem hafa misst minna en 10% af heildartekjum sínum koma ekki til greina við úthlutun vaxtatillags og styrk til greiðslu jarðarafgjalda.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að um leið fari fram uppgerð á afborgun og hinum hluta vaxtanna fyrir það ár hjá viðkomandi lánsstofnun, eða að það fáiast að minnsta kosti eins árs greiðslufrestur á afborguninni.

7. gr.

Fjárhæð þeirri, sem varið er til sýslu- eða hreppavega, skiptir úthlutunarnefnd milli einstakra hreppa í hlutfalli við heildartekjumissi hvers hrepps, samanber niðurlag 5. gr.

Hreppsfulltrúi úthlutar vinnu til einstaklinga í samráði við sveitarstjórn, á þann hátt, sem um getur í 5. gr.

Sýslunefnd ákveður í samráði við vegamálastjóra, að fengnum tillögum sýslufulltrúa og hreppafulltrúa í hvaða vegum skuli unnið. Við ákvörðunina skal þess gætt, að þeim, sem vinnunnar eiga að njóta, sé gert það svo auðvelt sem unnt er, en jafnframt sé tekið tillit til vegabætur í einstökum hreppum, eftir því sem hægt er.

Vegamálastjóri hefir yfirumsjón með vegagerð þessari og öllum greiðslum og reikningskilum, er hana snerta.

8. gr.

Deir bændur, sem njóta vilja hlutdeildar í styrk til byggingar gróðurhúsa við jarðhita, skulu senda umsóknir um það til úthlutunarnefndar fyrir 1. maí ár hvert. Skulu þeir mynda með sér félag, þar sem öllum bændum í þeim hreppi eða næstu hreppum er gefinn kostur á þátttöku. Félagsreglur og kostnaðaráætlun fyrir bygginguna sé samþykkt af landbúnaðarráðuneytinu. Félag með færri en 5 félögum kemur ekki til greina.

Styrkur til gróðurhúsa getur numið allt að $\frac{1}{3}$ stofnkostnaðar.

9. gr.

Styrkur til stofnunar rjómabúa kemur aðeins til greina í þeim héruðum, sem hafa álitleg skilyrði til mjólkurframleiðslu að dómi nefndarinnar og hafa hvorki greiðan aðgang að mjólkurvinnslubúum né mjólkursölu. Hvert bú sé eign samvinnufélagsskapar bænda í því héraði og samþykki landbúnaðarráðuneytið starfsreglur þess.

Styrkur til rjómabúa getur numið allt að helmingi stofnkostnaðar.

10. gr.

Fjárhæð þeirri, sem varið er til viðbótarjarðræktarstyrks, skal skipt milli hreppa og einstaklinga eftir sömu reglum og vegafénu, sbr. 7. gr.

32 27. apríl Fyrir framræslu og túnasléttun má greiða allt að tvöföldum viðbótarstyrk, en fyrir túnauka og nýja matjurtagarða greiðist allt að jafnháum viðbótarstyrk við þann, sem ákveðinn er í 9. gr. jarðræktarlaganna. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Öll framkvæmd þessara jarðabóta skal vera í samræmi við ákvæði jarðræktarlaganna, enda votti trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands, að jarðabæturnar séu heppilega ráðnar og muni koma að tilætluðum notum. Búnaðarfélag Íslands annast útborgun styrksins.

Ákvæði 11.—17. gr. jarðræktarlaganna koma ekki til greina um þann viðbótarstyrk, sem veittur er samkv. þessari grein.

Viðbótarstyrkur, sem ekki er unnið fyrir á því ári, sem hann er veittur, fellur niður.

11. gr.

Hámark þeirrar upphæðar, sem hver einstakur maður getur fengið í vegafé og viðbótarjarðræktarstyrk samanlagt, er helmingur af tekjumissi þeim, er hann hefir orðið fyrir vegna fjármissisins.

Svo fljótt sem hægt er skal tilkynna oddvita, hve mikill styrkur kemur í hlut hreppsins sem vegafé og jarðræktarstyrkur, svo að bændum gefist kostur á því í tíma að taka ákvörðun um það, hvernig þeir færi sér hann í nyt.

12. gr.

Allir þeir, sem starfa að úthlutun styrktarfjár samkvæmt þessari reglugerð, eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir komast að vegna starfs síns og snertir efna-
hag einstakra manna.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 25, 13. janúar 1938, um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

33 28. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð barnaskóla Svalbarðsstrandar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð barnaskóla Svalbarðsstrandar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður barnaskóla Svalbarðsstrandar“. Stofnfé hans er 100 — eitt hundrað — krónur.